

Fundargerð nr. 6 - Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur og „Teams“ fjarfundakerfi
Fundardagur:	miðvikudagur 16. september 2021
Fundartími:	15:30 – 16:35
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti/formaður nefndar Heimir Rafn Bjarkason Stefán Geirsson Jón Valgeirsson/Steinn Þórarinsson Vatnsveita Flóahrepps undir lið nr. 5 Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna undir lið nr. 4 Guðmundur Hjaltason og Anne B. Eflu undir lið nr. 2 Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson stýrði fundi.
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1 Ljósleiðarinn og skoðun á framtíðarskipulagi rekstrar og þjónustu þess kerfis.**
Lagt fram yfirlit sem sýnir þau verkefni sem fylgja rekstri fjarskiptakerfisins Flóaljóss og upplýsingar um það hve stór hluti þeirra er unninn á skrifstofu Flóahrepps annars vegar og hins vegar aðkeypt vinna. Rætt um þörf fyrir að formgera ut anumhald um reksturinn frekar. Fyrir liggur að Guðmundur Daníelsson er tilbúin að skoða samstarf við sveitarfélagið um ákveðna þætti sem snúa að rekstri kerfisins. Framkvæmda- og veitunefnd er hlynnt því að samstarf við hann sé skoðað frekar.
- 2 Skipulagsmál í Heiðargerði og á Þingborgarsvæðinu**
Lagðir fram uppdættir af báðum svæðum. Farið yfir skipulagsgögn sem tilheyra Heiðargerði. Mæla þarf upp stærðir núverandi lóða í Heiðargerði, og skoða lódaleigusamninga vegna mismisræmis í gögnum. Vilji er fyrir því að að skipuleggja fleiri iðnaðarlóðir á svæði sveitarfélagsins upp með Oddgeirshólavegi. Æskilegt að nýtt skipulagssvæði fái nýja tengingu við Oddgeirshólaveg. Skoða þarf mismundandi stærðir lóða. 2.500 fm – 5.000 fm. Efla skoðar nánar og stillir upp tillögu
Rætt um þörf fyrir breytingar á skipulagi íbúðarbyggðar í Þingborg sem felast í því að breyta hluta af íbúðarlóðum úr lóðum fyrir einbýlishús í þar eða raðhúsalóðir. Skoða þarf öll viðmið varðandi frárennismál. Efla skoðar gögn og stillir upp tillögu. Æskilegt er að einhver sveigjanleiki sé innan lóðanna
- 3 Samgöngumál.**
Sagt frá fundi með Vegagerðinni á Selfossi þar sem rætt var um öryggismál og lækkun á umferðarhraða á nokkrum svæðum í Flóahreppi. (Sjá fundargerð)
Rætt um veg milli Oddgeirshóla og Langholts sem tekinn var af vegaskrá fyrir nokkrum árum og þá hagræðingu sem fælist í því að halda honum vel færum. Sveitarfélagið getur sett hann á skrá hjá sér sem sveitarfélagsveg en ber þá allan kostnað af uppbyggingu hans og viðhaldi. Nefndin leggur til að sótt verði um styrki til Vegagerðarinnar þannig að vegurinn komist í nothæft ástand. Bent var á að betri merkingar vantar við gatnamót Hamarsvegur og Gaulverjabæjarvegur.
- 4 Helstu framkvæmdir hjá sveitarfélaginu. Húsnæði, vegur að Flóðgátt og framkvæmdir við Urriðafoss**
Varmadæla í Flóaskóla er að komast í fulla virkni. Ný varmadæla virkar vel og heldur jöfnum og góðum hita. Klára þarf lagnir að ofnum í kennslustofum og kaffistofu kennara til þess að hægt sé að henda þar út gömlum rafmagnsofnum. Lagt til að fjármagn verði sett inn í áætlun ársins 2022 og unnið verður að undirbúningi í vetur en verkið framkvæmt næsta sumar.

Töluverð vinna liggur í hirðingu lóða þegar vinnuskóla lýkur. Búið að koma fyrir ristarhliðum á veg að Flóðgátt og keyra möl í plan. Eftir er að girða kringum planið og ganga frá gönguhliðum. Verkefnið verður klárað í haust. Göngustígur við Urriðafoss er á verkefnalista haustsins og undirbúningi lokið. Beðið er eftir verktaka.

Vinna við skipulag skólalóðar Flóaskóla er á lokametrum. Þróun skipulagsmála kallar á aukinn húsakost á skólalóðinu. Bæði viðbótarkennslurými, nýtt anddyri og íþróttahús.

5 Vatnsveitumálin.

Lokið hefur verið lagningu á 110 mm lögn frá vatnsbóli í Þingdal og þrífösun á rafmagni að dælubúnaði. Auka þarf vatnsmagn á svæði veitunnar í Hnaus. Þar hefur borið á vatnsskort og áfram þéttist byggð. Áætlað að ljúka því fyrir veturinn.

6 Áhaldahús, er orðin þörf á því?

Rætt um þörf sveitarfélagsins fyrir geymslu og vinnusvæði fyrir vinnuskóla, umsjón fasteigna og veitur. Upphitaður gámur við Þjórsárver nýtist vel sem verkfærageymsla fyrir smærri verkfæri til bráðabirgða.

Sveitarfélagið á óbyggða lóð í Hraungerði. Lagt til að gerð verði þarfagreining og kannaður verði kostnaður við að koma upp húsi sem passaði fyrir þessa starfsemi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.